



22. ágúst 2023

Tilv.: 2308088

Númer: 42/2023

Dreifibréf til verðbréfamiðstöðva

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um verkferil vegna útreiknings á viðmiðum til ákvörðunar á efnislegu mikilvægi verðbréfamiðstöðva fyrir gistaðildarríki skv. 24. gr. CSDR

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) (ESMA70-708036281-67) um verkferil vegna útreiknings á viðmiðum til ákvörðunar efnislegs mikilvægis verðbréfamiðstöðva fyrir gistaðildarríki samkvæmt 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (CSDR). CSDR var innleidd í íslensk lög með lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna.

Reglunum er ætlað að tryggja samræmda og einleita beitingu 24. gr. CSDR og 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/389 um viðbætur við CSDR og tóku þær gildi innan ESB í mars árið 2018 í kjölfar setningar á fram-seldu reglugerðinni. Framselda reglugerðin var svo tekin upp á Íslandi með reglum Seðlabanka Íslands nr. 1591/2021 frá 22. desember 2021 um verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar sem hafa síðar verið endurútgefnar sem reglur nr. 80/2023.

Ákvæði 4. mgr. 24. gr. CSDR fjallar um mikilvægi starfsemi verðbréfamiðstöðva fyrir starfsemi verðbréfamarkaða í gistaðildarríki. Til þess að hægt sé að meta slíkt mikilvægi þarf að safna upplýsingum um allt uppgjör á EES svæðinu og er þessum viðmiðunarreglum ætlað að leiðbeina verðbréfamiðstöðvum við það að taka saman og skila árlega réttum upplýsingum samkvæmt reglunum til lögbærra yfirvalda.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Bréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfamiðstöðva að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir  
frankvæmdastjóri  
háttsemiseftirlit

Hörður Tulinius  
sérfræðingur í markaðsgreiningu  
háttsemiseftirlit

